

**Alþingi****Efnahags- og viðskiptanefnd****150 Reykjavík**

Reykjavík 19. mars 2012

Efni: Flýtimeðferð einkamála

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur leitað umsagnar dómstólaráðs um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum, vegna hugmynda um möguleika á flýtimeðferð ágreiningsmála sem eiga uppruna í Hæstaréttardómi frá 16. júní 2010 um ólögmæti gengistryggðra lánasamninga og nú síðast Hæstaréttardómi frá 15. febrúar sl. Dómstólaráð fjallaði um efni þetta á fundi sínum 15. mars sl. og vill af þessu tilefni koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum.

Í meðförum dómstóla er töluverður fjöldi einkamála þar sem ein af fleiri málsástæðum í máli eru úrlausnarefni er lúta að ólögmætum gengistryggingum lánasamninga. Af þeirri ástæðu er mjög brýnt, standi vilji til þess að velja úr prófmál til að skera úr um mikilvægustu álitæfnin tengd ólögmætum gengistryggingum, að þrengja svo sem kostur er skilgreiningu á því hvaða mál myndu falla undir hana og hljóta flýtimeðferð samkvæmt lögum nr. 91/1991. Að öðrum kosti er hættan sú að mál sem geta sætt flýtimeðferð á þessum grundvelli verði það mörg að leiðin teppist. Að mati dómstólaráðs er skilgreining sú sem fyrirleggjandi frumvarp miðar við til muna of rúm.

Í annan stað vill dómstólaráð vekja athygli á því að í kjölfar hins svonefnda efnahagshruns hafa fyrir dómstólum verið rekin prófmál er varða mikilsverð úrlausnarefni. Eru dæmi þess að lögmenn hafa orðið ásáttir um hvaða mál eigi að miða við í þessum tilgangi. Með samþykki lögmanna hafa allir frestir verið styttil frá því sem annars er. Í framhaldi af því hafa dómstjórar úthlutað málum til dómara á þeirri forsendu að málin verði tekin fram fyrir og flutt þá þegar. Ekkert er því til fyrirstöðu að



DÓMSTÓLARÁÐ

viðlíka háttur verði hafður á aftur. Með þeim hætti er unnt að ná sama markmiði og því sem að er stefnt með fyrirbyggjandi frumvarpi.

fh. dómstólaráðs


Símon Sigvaldason

formaður